

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 143/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2003 frá 27. mars 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2003 frá 1. apríl 2003 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽³⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32003 R 0545:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 545/2003 frá 27. mars 2003 (Stjtíð. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 10),
- **32003 R 0599:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 599/2003 frá 1. apríl 2003 (Stjtíð. ESB L 85, 2.4.2003, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 545/2003 og 599/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 81, 28.3.2003, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 85, 2.4.2003, bls. 15.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.